



STARFSÁÆTLUN SSNV 2026

SSNV

INNGANGUR

Hlutverk og markmið SSNV

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) starfa fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna með það að markmiði að efla samfélagslega, efnahagslega og menningarlega þróun á svæðinu. Hlutverk samtakanna er að samræma og styðja við sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna, leiða sóknaráætlanir og styrkja tengsl á milli opinberra aðila, atvinnulífs, menntastofnana og íbúa. Markmið SSNV er að stuðla að sjálfbærri þróun, auknu atvinnuöryggi og bættum lífsgæðum íbúa landshlutans.

Helstu áherslur 2026

Á árinu 2026 mun SSNV leggja áherslu á framkvæmd og eftirfylgni verkefna sem tengjast sóknaráætlun svæðisins og Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra. Áhersla verður á að styrkja ímynd landshlutans sem áfangastað ferðamanna og skapa honum sérstöðu með því að gera sögum, náttúru og afþreyingu hærra undir höfði. Áhersla verður á að styrkja stoðir atvinnulífsins með nýsköpun, fjárfestingum og markvissu samstarfi við mennta- og rannsóknarstofnanir. Þá verður áfram unnið að uppbyggingu þekkingargarða, og að auka samvinnu, jákvæðni og bjartsýni innan svæðis. Áfram verður unnið með sveitarfélögum á svæðinu að umhverfisvænum lausnum til að komast nær því að verða sjálfbær landshluti.





Halldór G. Ólafsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Einar E. Einarsson,
Álfhildur Leifsdóttir og Magnús Magnússon.

STJÓRN SSNV

Stjórn var skipuð á ársþingi í apríl 2024. Ný stjórn verður kjörin á auka ársþingi eigi síðar en 15. júní 2026.

Stjórn skipa:

Einar E. Einarsson, formaður, Skagafirði.

Magnús Magnússon, varaformaður, Húnaþingi vestra.

Guðmundur Haukur Jakobsson, Húnabyggð.

Halldór G. Ólafsson, Skagaströnd.

Álfhildur Leifsdóttir, Skagafirði.

Þing SSNV

Ársþing verður haldið miðvikudaginn **8. apríl 2026** í Húnaþingi vestra.


Auka ársþing verður haldið rafrænt miðvikudaginn **15. júní 2026**.

Haustþing verður haldið miðvikudaginn **7. október 2026** í Húnaþingi vestra.

VERKEFNI SSNV



Framkvæmdastjóri SSNV,
Sveinbjörg Rut
Pétursdóttir



ATVINNUÞRÓUN

SSNV sinnir ráðgjöf á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar, menningarmála til einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sem byggir á samningi við Byggðastofnun.

Meginverkpættir samnings eru:


- Atvinnu- og byggðaðróun
- Atvinnuráðgjöf
- Nýsköpun
- Upplýsingaöflun, þekkingarmiðlun og samstarf

Starfsfólk SSNV veitir ráðgjöf við stofnun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðinu, svo sem markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. SSNV veitir upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og aðstoð annarra aðila og leitar samstarfs við stofnanir í stoðkerfi atvinnulífs, fyrirtæki og aðra aðila sem vinna ráðgjafar- og leiðbeiningarstarf í atvinnumálum.

Árlega skila samtökin inn starfsáætlun um störf atvinnuþróunar með mælanlegum markmiðum.

VERKEFNI SSNV

ÞING OG AÐRIR FUNDIR/VIÐBURÐIR



STARFSFÓLK SSNV

Hjá SSNV starfa sjö starfsmenn sem sinna fjölbreyttum verkefnum. Starfsstöðvar samtakanna eru á þremur stöðum í landshlutanum; á Hvammstanga, Blönduósi og Sauðárkróki.

Dagleg störf starfsmanna eru margvísleg og ná yfir allt frá umsýslu Uppbyggingarsjóðs og sóknaráætlunar til vinnu við atvinnu- og nýsköpunarverkefni, samstarfsverkefni við skóla og háskóla, alþjóðleg verkefni og stoðþjónustu við sveitarfélögin. Starfsfólkið skiptir með sér verkum eins og kostur er, miðað við verkefnapörf og sérhæfingu, en leggur jafnframt ríka áherslu á samvinnu og teymisvinnu til að nýta styrkleika hvers og eins sem best.

Með þessari skipan tryggir SSNV að starfsemin nái til alls svæðisins og að sveitarfélögin hafi greiðan aðgang að ráðgjöf, þjónustu og þátttöku í verkefnum sem stuðla að þróun og framförum í landshlutanum.



**Berglind
Björnsdóttir**
Verkefnastjóri



**Davíð
Jóhannsson**
Verkefnastjóri



**Guðlaugur
Skúlason**
Verkefnastjóri



**Magnús Barðdal
Reynisson**
Verkefnastjóri



**Matthías
Rúnarsson**
Skrifstofu- og
bókhaldsstörf



**Sara Björk
Þorsteinsdóttir**
Verkefnastjóri
farsældarráðs



**Sveinbjörg Rut
Pétursdóttir**
Framkvæmdastjóri

SÓKNARÁÆTLUN

NORÐURLANDS VESTRA

SÓKNARÁÆTLUN

Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2025-2029 er fimm ára stefnumótandi áætlun samþykkt af SSNV og tók gildi í janúar 2025. Henni er ætlað að vera leiðarljós í uppbyggingu landshlutans, byggð á víðtæku samráði með íbúum, atvinnulífi, menningu og öðrum hagsmunaaðilum.

Með áherslu á Uppbyggingarsjóðinn og áhersluverkefni tryggjum við að opinberir fjármunir verði nýttir markvisst til að bæta lífsgæði, fjölga tækifærum og styrkja Norðurland vestra í heild.

Verkefnum Sóknaráætlunar er skipt í fernt:

Gerð Sóknaráætlunar landshlutans, úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði, val á sérstökum áhersluverkefnum og framkvæmd þeirra og umsjón með sérstökum viðaukasamningum við sóknaráætlun, einkum í tengslum við verkefni Byggðaáætlunar.

UPPBYGGINGARSJÓÐUR

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs er að styrkja annars vegar menningar- og hins vegar atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni á Norðurlandi vestra. Sjóðurinn er samkeppnissjóður og eru umsóknir metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í Sóknaráætlun Norðurlands vestra.

Tæpum 70 milljónum verður varið til að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni í gegnum Uppbyggingarsjóðinn 2026.

ÁHERSLUVERKEFNI

Áhersluverkefni eru verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Verkefnin skulu hafa skýr markmið og árangursmælikvarða. Hér fyrir neðan má sjá áhersluverkefni áranna 2025-2026.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA



ÁHERSLUVERKEFNI

2025-2026

1	Mótun, innleiðing og eftirfylgni samskiptastefnu fyrir svæðið
2	Örmyndbönd - viðtöl
3	Ungt fólk á Norðurlandi vestra
4	Markaðssetning landshlutans
5	Sýnileiki viðburða á Norðurlandi vestra
6	Ferðapjónusta í sókn - Ævintýraferðapjónusta
7	Ferðapjónusta í sókn - Söguferðapjónusta
8	Ferðapjónusta í sókn - Viðburðir
9	Nýsköpun á Norðurlandi
10	Smáframleiðendur
11	Starfamesa
12	Sjálfbær landshluti
13	Textíllab á Blönduósi
14	Skíðasvæðið Norðurland vestra
15	Fab-Lab
16	Tækifæragreining á hótéluppbyggingu
17	Sjálfbær landshluti - Eimur



ALPJÓÐLEG SAMSTARFSVERKEFNI

SSNV hefur farið mikinn þegar kemur að erlendum samstarfsverkefnum en samtökin eru aðili að þremur alþjóðlegum verkefnum. Öll verkefni eiga það sameiginlegt að snúa á einn eða annan hátt að atvinnuþróun á svæðinu.

Tveimur þeirra lýkur um áramótin 2025/2026 en því þriðja lýkur um mitt ár 2026. Þátttakan styrkir tengslanet samtakanna, eykur aðgengi að sérfræðilekkingu og fjölgar tækifærum til tilrauna- og samstarfsverkefna með hagnýtri innleiðingu á Norðurlandi vestra.

Með þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum sækja samtökin fjármagn í erlenda uppbyggingarsjóði til að stuðla að atvinnuþróun og uppbyggingu á svæðinu.

SSNV stefnir markvisst að þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum til að færa inn á svæðið gagnreynda þekkingu, samanburð við sambærileg svæði og aðgang að verkfærum sem hraða innleiðingu lausna. Fyrir fámennan og landfræðilega dreifðan landshluta skiptir máli að nýta öfluga vettvanga eins og NORA, Nordregio og Interreg NPA. Með þátttöku í slíkum verkefnum styrkjum við stefnumótun Sóknaráætlunar NV, aukum hæfni starfsfólks og samstarfsaðila, drögum að svæðinu fjármögnun til nýsköpunar og innviða og eflum sýnileika Norðurlands vestra á alþjóðavettvangi. Niðurstöður verkefna verða yfirfærðar í hagnýtar aðgerðir fyrir sveitarfélög og atvinnulíf – t.d. í hringrásarhagkerfi, stafrænar lausnir, lýðfræði- og vinnumarkaðsmál, samgöngur og orkuöryggi

SUB – Sjálfbær hjólaferðapjónusta í dreifðum byggðum Norðurlóða – er NPA-samstarfsverkefni sem styður vöxt hjólaferðamennsku á norðurlóðum með færniefningu fyrirtækja og tengslaneti til að stækka markaðssvæði. SSVN er samstarfsaðili í verkefninu sem er leitt af Finnlandi. Aðrir aðilar koma m.a. frá Færeyjum, Svíþjóð og Írlandi. Verkefnistími er júní 2023 – maí 2026 og heildarfjárhæð 1,88 m€ (NPA framlag 1,48 m€). Markmiðin eru að prófa hagnýtar lausnir, efla frumkvöðlahæfni og innleiða svæðisbundnar áætlanir í hjólaferðapjónustu fyrir aukinn fjölbreytileika og viðnámsþol á afskekktum svæðum.



FARSÆLD BARNNA

Í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) hefur verið hafin myndun farsældarráðs á Norðurlandi vestra. Ráðið hefur það hlutverk að efla samstarf og samráð milli sveitarfélaga, ríkisstofnana og annarra lykilaðila sem koma að málefnum barna og fjölskyldna í landshlutanum.

Verkefnastjóri farsældarráðs er hýstur og starfar í umboði SSNV. Verkefnastjóri mun halda utan um störf svæðisbundins farsældarráðs, boða fundi þess og bera ábyrgð á frágangi og skilum á afurð þess til allra sveitarstjórna í landshlutanum og Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.

Markmið stofnunar svæðisbundins farsældarráðs Norðurlands vestra er að tryggja samhæfða þjónustu og stuðning við börn og ungmenni, styrkja forvarnastarf og skapa sameiginlegan vettvang til að greina áskoranir og tækifæri á svæðinu. Með þessu er stuðlað að bættri farsæld barna og fjölskyldna, auk þess sem sveitarfélögin fá aukinn slagkraft í innleiðingu nýrrar löggjafar.

Á árinu 2026 leggur farsældarráðið áherslu á:

- að koma á fót formlegu samstarfi sveitarfélaga og lykilaðila um þjónustu við börn,
- að móta sameiginlega sýn og forgangsröðun í farsældarmálum,
- að miðla þekkingu og gögnum um stöðu barna og ungmenna á Norðurlandi vestra,
- að styðja innleiðingu nýrrar þjónustu og verklags í sveitarfélögunum,
- að tryggja rödd barna og ungmenna í stefnumótun og ákvarðanatöku.

Farsældarráð Norðurlands vestra mun gegna lykilhlutverki í þróun samfélagsins á komandi árum og styður við heildarstefnu SSNV um velferð og uppbyggingu mannlífs í landshlutanum.

Verkefnastjóri vinnur auk þess önnur þau verkefni sem framkvæmdastjóri SSNV felur honum og falla að tilgangi verkefnisins. Verkefnastjóri farsældarráðs á Norðurlandi vestra er Sara Björk Þorsteinsdóttir.



UMHVERFISMÁL

Umhverfismálin eru einn af lykilmálaflokkum núgildandi sóknaráætlunar. SSNV styður sveitarfélögin við að uppfylla lagalegar og samfélagslegar kröfur tengdar málaflokknum. Við njótum stuðnings og eigum í góðu samstarfi við m.a. Sambandið, Byggðastofnun og félag okkar í SSNE og býðst fulltrúum sveitarfélaga okkar landshluta m.a. að taka þátt á samtalsvettvangi sveitarfélaganna á því stafssvæði. Fram undan eru fjölmörg verkefni, t.d. gerð aðgerðaáætlunar með loftslagsstefnu sveitarfélaganna, eftirfylgni með svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs o.fl. Markmið okkar er að efla umhverfisvitund og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum, bæði í og frá landshlutanum.

MENNING

SSNV styður við menningu í gegnum Uppbyggingarsjóðinn en einnig með því að styðja sveitarfélögin og leita með þeim leiða til að efla enn frekar menningarlíf í landshlutanum. Starfsfólk sveitarfélaganna fundar mánaðarlega um verkefni sem snúa að menningu með það fyrir augum að auka samstarf, fjölbreytni og þátttöku íbúa landshlutans. Fram undan er vinna við sameiginlegar styrkumsóknir til að styðja við t.d. barnamenningu og almennan fjölbreytileika mannlífsins. Að auki hafa fulltrúar safna, setra og sýninga í landshlutanum fundað með það fyrir augum að auka samstarf og sýnileika þessara aðila, öllum til hagsbóta.



NÝSKÖPUNAR- VERKEFNI

SSNV styður markvisst við nýsköpun á Norðurlandi vestra með það að markmiði að fjölga fjölbreyttum störfum, efla samkeppnishæfni atvinnulífsins og bæta búsetuskilyrði.

Startup Landið er samstarfsverkefni allra landshlutasamtakanna. Verkefninu er ætlað að vera hreyfiafl nýsköpunar á landinu öllu. Markmið verkefnisins er að auka fjárfestingar á svæðinu og skapa kraftmikið umhverfi fyrir frumkvöðla og fyrirtæki sem vinna að nýsköpun.

Haustið 2025 hófst fyrsti hraðallinn. Hraðallinn snýr að því að hjálpa frumkvöðlum frá fyrstu stigum hugmyndar yfir í framkvæmd.

Áhersluverkefnið Nýsköpun á Norðurlandi vestra hefur verið mikilvægt fyrir frumkvöðla og nýsköpunarstarf á svæðinu. SSVN hefur verið í góðu samstarfi við frumkvöðla og fyrirtæki á svæðinu með ýmiss konar aðstoð. Einnig var sett á laggirnar fundarröðin Forvitnir frumkvöðlar að tilstilli SSVN og SSNE þar sem öll landshlutasamtökin standa saman að hádegisfyrirlestrum sem eiga að aðstoða frumkvöðla við að fóta sig í nýsköpunarumhverfinu. Stefnt er að áframhaldi á því verkefni.



FERÐAÞJÓNUSTA



Verkefnastjóri SSNV á sviði ferðaþjónustu sinnir ýmsum verkefnum á starfssvæðinu, sem tengjast greininni og snúa jafnt að einstökum fyrirtækjum og sveitarfélögum. Hann sinnir ýmsum samskiptum við stoðkerfi greinarinnar og kemur að samstarfsverkefnum, jafnt innlendum sem erlendum. Verkefnastjóri vinnur með Fagráði ferðaþjónustunnar, sem í eiga sæti formenn ferðamálafélaganna á Norðurlandi vestra og fulltrúi SSNV. Fagráðið hittist að jafnaði fjórum til fimm sinnum á ári og stendur að jafnaði fyrir hinum árlega „Haustdegi ferðaþjónustunnar“ þar sem ferðaþjónustuaðilar koma saman og fara yfir mál sem eru mikilvæg hverju sinni. Á síðustu misserum hefur hann einnig leitt aðkomu SSNV að tveimur ferðaþjónustutengdum Norðurslóðaverkefnum.

Okt-
des



SSNV

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra